

Auglýsing

86

24. júní

um staðfesting stjórnarráðsins á heilbrigðissamþykkt fyrir Stokkseyrarkauptún í Árnassýslu.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest eftirrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Stokkseyrarkauptún í Árnassýslu:

Heilbrigðissamþykkt

fyrir Stokkseyrarkauptún í Árnassýslu.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykkt þessi hefir gildi fyrir Stokkseyrarkauptún.

2. gr.

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndarinnar. Auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður, er hreppsnefndin kys til þriggja ára, og einn, er sýslu-nefnd tilnefnir af íbúum hreppsins til jafnlangs tíma.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa, eða hinir tveir nefndarmenn, eða hjeraðslæknir, óska þess, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári, í maí og október; hann ákveður fundartíma og fundarstað, ritar í fundarbók gerðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefaskriftir og annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt. Hann getur neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar, en skal þá tafarlaust skjóta málinu til úrskurðar sýslumanns. Hjeraðslæknir á heimtingu á að sitja á fundum nefndarinnar og taka þátt í umræðum, en ekki hefir hann atkvæðisrjett. Formaður skal boða honum fundinn í tæka tíð.

Ritfangakostnað og kostnað er hlýst af brjefaskriftum skal greiða úr hreppssjóði eftir reikningi.

4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþykktin sje haldin, og henni hlýtt í öllum greinum. Nefndinni skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka allt það, er um ræðir í samþykkt þessari, eða mikla þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannafæri eða einstakra manna eign. Einu sinni á ári skal nefndin skoða allar eignir á svæði því, sem samþykktin nær yfir, og er henni heimilt að skifta starfi þessu milli nefndarmanna. Ef nokkur einn nefndarmaður, annar en formaður, krefst inngöngu í hús manna til skoðunar í umboði nefndarinnar, þá skal hann hafa í höndum skriflegt umboð frá formanni hennar.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarumbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr hreppssjóði, þá skal hún leggja mál það fyrir hreppsnefnd og fara fram á að fjeð sje veitt. Nú hafnar hreppsnefnd slíkri fjárveitingu, og er þá heilbrigðisnefnd heimilt að skjóta mál til sýslunefndar, er leggur fullnaðarúrskurð á það.

II. Um frádræslu.

6. gr.

Eldhússkólþ og þvottaskólþ má eigi láta síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum að hætta sje á því, að jarðvegurinn undir húsunum saurgist; skal veita öllu skólþinu burt frá húsunum í opnum eða lokuðum ræsum, eða bera það burt svo langt sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa. Öll skólþræsi, hvort heldur eru á almannafæri eða einstakra manna eign eða umráðalóð, skulu vera svo víð og hallajöfn, að hvergi flói út úr þeim, og hvergi komi pollar eða vilpur; skal hreinsa þau svo oft, að ekki leggi ódaun úr þeim. Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsyn á því, að vatnsheldur botn sje gerður í eitthvert ræsi, þá er heimilt að heimta slíka aðgerð.

7. gr.

Ef ræsi er gert meðfram alfaravegi á opinberan kostnað, skulu þeir, er hús eiga fram með veginum, skyldir að gera skólþræsi hver frá sínu húsi út í göturæsið, og skulu þau ræsi eigi lakara gerð en göturæsið sjálft.

III. Um vatnsból.

8. gr.

Öll vatnsból skal verja hvers konar óhreinindum; er bannað að láta í þau fara eða að þeim koma rensli úr skólþræsum, forum, haugstæðum, salernum

eða peningshúsum, og má ekki láta í þau eða nærri þeim neins konar saurindi, **86**
sorp, slor, eða hræ, og ekki þvo í þeim, eða fast við þau, hvorki fatnað, ull fisk **24. júní**
eða neitt það annað, er óhreinkar vatnið. Bannað er að leggja húðir í bleyti í
vatnsból eða nærri þeim.

9. gr.

Brunn má ekki hafa nær haugum, forum eða salernum en svo, að milli-
bilið sje 15—20 álnir. Nú vill einhver gera nýjan brunn, eða breyta gömlum
brunni, og skal tilkynna það heilbrigðisnefndinni, er segir fyrir, hvernig brunn-
inum skuli vera háttað, og er hlutaðeigandi skyldur að fara eftir fyrirsögn hennar.

10. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að taka vatn úr brunni um stundarsakir,
ef hún álitur vatnið óheilmæmt. Ef læknisrannsókn leiðir í ljós að vatnið sje
skaðvænt, og ekki er unt að gera við brunninn svo, að vatnið verði ósaknæmt,
þá skal heilbrigðisnefndin skipa eiganda að moka ofan í brunninn og fylla hann
svo, að engu vatni verði úr honum náð.

IV. Um peningshús, hauga og forir.

11. gr.

Stórgripi eða sauðfje má ekki hafa í manna húsum, eða kjöllurum undir
þeim.

12. gr.

Ef einhver vill reisa peningshús eða gera for, haugstæði eða haughús, þá
skal hann gera heilbrigðisnefnd viðvart áður en hann byrjar á verkinu, og skal
hún gæta þess, að haldin sjeu fyrirmæli þau, er hjer fara á eftir.

Ekkert peningshús má setja nær vatnsbóli en nemi 15 álnum. Fjós má
ekki setja nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum. For má ekki gera
og ekki hafa haug nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 álnum, og ekki nær
vatnsbóli en 20 álnum. Forarveggir skulu jafnan ná $\frac{1}{4}$ álnar eða meira upp úr
jörðu, og skal hafa yfir hverri for sterkan hlera, svo að örugt sje, að menn eða
skepnur geti ekki fallið í forina.

Ef hús standa þjett saman getur heilbrigðisnefnd bannað mykjuhauga og
haughús, og heimitað að forir skuli gera úr höggnu grjóti og steinlími eða stein-
steypu, svo að þær sjeu vel vatnsheldar, bæði botn og veggir.

13. gr.

Ef peningshús, haugstæði eða forir, sem eldri eru en samþykkt þessi, valda

86 miklum óprifnaði, má heilbrigðisnefnd beita fyrirætlunum undanfarandi greinar, en 24. júní heimilt er þá eiganda að skjóta fyrirskipun nefndarinnar á 8 daga fresti undir úrskurð sýslumanns.

V. *Um salerni.*

14. gr.

Þá er hús er reist til íbúðar, skal jafnan um leið reisa salerni, og skal það ekki vera nær vatnsbóli en nemi 20 álnum. Hafa skal í salernum saurkagga vel vatnsheldan, og skal hann ná fast upp að setunni.

15. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera hrein, og saurilátin skal tæma áður en þau fyllast. Heilbrigðisnefnd skal segja til, hvar láta megi saurindi úr salernum.

16. gr.

Ef engin salerni fylgja húsum þeim, sem eldri eru en samþykkt þessi, eða þau ein, sem illa eru gerð og mikill óprifnaður er að, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum, að þeir geri ný salerni á þann hátt, sem segir í 14. gr.

VI. *Um sorp og önnur óhreinindi.*

17. gr.

Sorphaugar eða sorpgryfjur skulu ekki vera nær íbúðarhúsum eða alfaravegi en nemi 15 álnum. Flytja skal alt sorpið burtu að minsta kost tvisvar á ári, vor og haust. Ef hús standa þjett saman getur heilbrigðisnefnd heimtað að sorpi og ösku sje safnað í ílát og flutt burtu áður en þau fyllast.

18. gr.

Það er skylda sjómanna að fleygja öllu slori í sjóinn, svo að út taki, ef því er eigi safnað í gryfjur á þeim stöðum, sem heilbrigðisnefnd leyfir. Formenn bera ábyrgð á því að ákvæði þessu sje hlýtt.

19. gr.

Ef einhver óhreinindi safnast í kringum hús manna, svo að fyluloft eða daunilt renslí fer út á alfaraveg eða inn á eignir þeirra er næstir búa, þá getur

heilbrigðisnefndin skipað húsráðanda þeim, er óþrifnaðinum veldur, að flytja 86
óhreinindin burt tafarlaust. 24. júní

VII. Um iðnað.

20. gr.

Hver sá iðnaður, er óhollusta fylgir eða óþrifnaður, t. d. lýsisbræðsla, sútun o. s. frv., skal vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum hennar, að því er hreinlæti snertir, bæði utan húss og innan.

VIII. Um matvöru.

21. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á því, að ekki sje höfð á boðstólum matvara, sem er svikin, skemd eða skaðleg fyrir heilsu manna. Nefndinni skal vera frjálst, með samþykki hreppsnefndar, að taka í búðum fyrir gangverð sýnishorn af hverri matvöru þeirri, er hún telur líkur til að svikin sje, skemd eða skaðleg fyrir heilsu manna, og láta rannsaka hana. Nú er það bersýnilegt, eða kemur í ljós við rannsókn hjeraðslæknis eða annara manna, er vit hafa á, að einhver matvara er ekki nýtileg til manneldis, og skal þá á einhvern hátt gera hana óskaðlega heilsu manna, á kostnað þess, er vöruna hafði á boðstólum.

IX. Um mjólkursölu.

22. gr.

Öll mjólkursala skal háð eftirliti heilbrigðisnefndar, og getur heilbrigðisnefndin bannað mjólkursölu á eða frá heimili, ef þar gengur næmur sjúkdómur, eða ef ástæða er til að ætla, eða vissa er fyrir, að kýrnar sjeu veikar. Heilbrigðisnefndin getur og bannað mjólkursölu, ef óþrifalega er farið með mjólkina.

X. Um bökunarhús.

23. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á bukunarstofum í kaupþúninu og skipa bökurum að þvo gólf, loft og vegg, hvenær sem óhreint er. Þeir menn mega ekki vinna að brauðgerð er lungnataeringu hafa nje nokkurn annan næman sjúkdóm, eða opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum. Deig má ekki hnoða með fótum.

XI. Um slátrun.

24. gr.

Slátrrarar skulu vera með ermar brettar upp fyrir olnboga. Þeir skulu ávalt vera hreinir um hendurnar. Menn, sem hafa útbrot á höndum, ganga með næman sjúkdóm, mega ekki vera slátrrarar. Hundar mega ekki vera nálægt slátrun.

Sullum skal safna í sjerstakt ílát, og brennast eða grafast niður í jörð, að kveldi hvers slátrunardags.

XII. Um íbúðarhús.

25. gr.

Öll hús, þau er leigð eru til íbúðar, skulu vera svo gerð, að unt sje að halda þeim hreinum. Að minsta kosti einn gluggi skal vera á hjörum í hverju herbergi, og trjególf í öllum íverustofum.

Heilbrigðisnefnd má heimta af leigjanda eða eiganda að ræstuð sje herbergi í íbúðarhúsi, ef herbergið er svo óhreint, að nefndin álitur íbúum hættu búna.

26. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gert, hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefndin álitur hættulegt fyrir heilsu manna, að búa í því, þá getur hún bannað íbúðina. Nefndin skal þá tilkynna húseiganda bannið skriflega og færa rök fyrir því, og skal þá fólk fara úr húsinu á tvöggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, ef hús- ið er eigi bætt á þeim tíma, svo nefndinni líki. Þó er húseiganda frjálst á átta daga fresti að skjóta skipun nefndarinnar undir úrskurð sýslumanns, en hann skal leita álits hjeraðslæknis og því næst leggja úrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

27. gr.

Bannað er að taka kjallara til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndarinnar. Undir íbúðarhúsum, sem reist verða hjer eftir, má eigi hafa kjallara svo gerða, að nokkurn tíma standi í þeim vatn.

XIII. Um skóla.

28. gr.

Heilbrigðisnefndin skal skoða öll skólahús og skólastofur, hvort heldur er opinber eign eða einstakra manna, að minsta kosti tvisvar á ári, í byrjun skóla- ársins og á því miðju. Hver sá er tekur til kenslu 10 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd hvar hann ætlar að kenna.

29. gr.

86

Hver kenslustofa handa börnum skal vera svo stór, að 80 rúmfet komi á 24. júní hvert barn í minsta lagi. Gluggar skulu vera á hjörum. Gólf skal ekki sópa, en þvo svo oft, sem heilbrigðisnefnd álitur þess þörf.

30. gr.

Ef heilbrigðisnefnd verður í skóla vör við börn eða kennara, er hafa einhvern næman sjúkdóm, þá skal hún tilkynna hjeraðslækni nöfn og heimili þeirra er sjúkir eru. Ef skólabarn eða kennari hefir berklasótt, og læknir álitur að um sóttnæmishættu sje að ræða, þá getur heilbrigðisnefnd bannað að barnið eða kennarinn komi í skólann, þar til sóttnæmishættan er um garð gengin, að læknisdómi. Holdsveik börn mega ekki í skóla ganga, og holdsveikir menn ekki fást við barnakenslu.

XIV. *Um samkomuhús.*

31. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa eftirlit með samkomuhúsum í kaupþúinu, og sjá um að þau séu ræstuð hvenær sem hún álitur þess þörf. Vilji eigendur ekki sætta sig við álit heilbrigðisnefndar, geta þeir leitað álits hjeraðslæknis, sem þá ræður úrslitum.

XV. *Um næma sjúkdóma.*

32. gr.

Þá er lögskipuðum vörnum er haldið uppi gegn næmum sjúkdómi, skal heilbrigðisnefnd aðstoða hjeraðslækni við sóttvörnina

Ef upp kemur alvarlegur og næmur sjúkdómur á svæði því, sem samþyktin nær yfir, eða í nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt að setja í samráði við hjeraðslækninn, um stundarsakir, strangari fyrirmæli en í samþykkt þessari felast, um hreinlæti, utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

XVI. *Um sektir.*

33. gr.

Ef menn brjóta samþykkt þessa, eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það alt að 200 króna sekt, sem rennur í sveitasjóð. Ef heilbrigðisnefnd kys

86 heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verk-
24. júní ið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráða-
birgða úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, er sekur er.

Samþykkt þessi öðlast gildi 15. september 1912. Þetta er hjermeð gjört
heyrum kunnugt.

I stjórnarráði Íslands, 24. júní 1912.

Kristján Jónsson.

Eggert Briem.

Staðfesting konungs á endurskoðaðri skipulagsskrá fyrir búnaðarsjóð Eyja-
fjarðarsýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 27. júní
1912.

Skipulagsskráin er þannig:

87
27. júní

Endurskoðuð skipulagsskrá

fyrir Búnaðarsjóð Eyjafjarðarsýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Búnaðarsjóður Eyjafjarðarsýslu.

2. gr.

Innstæðu sjóðsins, sem er kr. 2043,71, skal auka með 50 kr. árlegu til-
lagi úr sýslusjóði Eyjafjarðarsýslu og vöxtum, sem ekki er varið til verðlauna
samkvæmt 7. gr.

3. gr.

Innstæða sjóðsins skal lánuð út gegn fasteignaveði eða ávöxtuð tryggilega
á annan hátt.

Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu hefir stjórn sjóðsins á hendi. Semur
hann árlega reikning yfir tekjur hans og gjöld, er endurskoðist ásamt sýslureikn-
ingunum og úrskurdist af sýslunefnd.